



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29.02.2016
Tilv. 90.13/ADG
JS/sj

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum

Hafrannsóknastofnun hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga (145. löggjafabing, 160. mál) til umsagnar.

Hér er lagt til að skipaður verði starfshópur til að vinna aðgerðaáætlun um viðbrögð gegn súrnun sjávar og til að fylgjast með áhrifum loftslagsbreytinga og súrnunar sjávar á lífríki hafsins. Hafrannsóknastofnun bendir á að starfsvið slíks vinnuhóps myndi skarst verulega við störf vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem starfar á vegum Umhverfissráðuneytis og vinnur nú að gerð skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi. Súrnun sjávar og breytingar í hafinu eru einmitt sérstakt áhersluatriði nefndarinnar vegna næstu skýrslu. Einnig er unnið að gerð skýrslu um áhrif súrnunar sjávar á norðurslóðum á vegum AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Programme). Hafrannsóknastofnun fagnar breiðri umræðu um málið enda um verulegt hagsmunamál að ræða.

Áhrif súrnunar sjávar á lífríki hans eru talin geta ógnað vistkerfum sjávar en staða þekkingar er ekki slík að hægt sé að fullyrða um áhrifin hér við land. Hafrannsóknastofnun bendir á að engin vöktun eða rannsóknir fara fram á efnafræði ólífræns kolefnis (e. carbonate chemistry) sjávar á grunnsævi hér við land og ekki heldur á landgrunninu sjálfu. Þá eiga vöktunarrannsóknir sífellt undir högg að sækja vegna minnkandi fjárveitinga svo að rannsóknir þær er vitnað er til í greinargerð þingsályktunartillögunnar hafa dregist saman á undanförunum árum.

Þær athugarnir sem nú eru gerðar á ástandi sjávar á endurteknum mælistöðvum umhverfis landið eru lágmarks athugarnir til þess að fylgjast með breytingum á hafsvæðinu á stórum skala. Tíðni athugana hefur verið nálægt fjórum sinnum á ári í yfir 40 ár, en vöktun þessi hefur þó minnkað á allra síðustu árum sem fyrr segir. Í sömu leiðöngrum og farnir eru til athugana á ástandi sjávar eru einnig stundaðar rannsóknir á ólífrænu kolefni sjávar og eru tímaráðir þeirra mælinga frá 1983. Mælingarnar eru augljóst og viðurkennt dæmi um mikilvægi reglubundinna athugana í vöktun loftslagbreytinga.

Þess má einnig geta að sú vöktun sem gerð hefur verið reglulega á breytileika sjávar við Ísland eru undirstöður athugana á einni mikilvægustu auðlind landsins. Niðurstöður vöktunarinnar hafa nú þegar nýst þegar skýra átti breytingar á lífríki í sjó á íslensku hafsvæði í fjölmörgum rannsóknnum sem ná til velflestra þátta þess. Gögnin hafa einnig verið mikilsvert framlag Íslands til aðþjóðarannsóknna á náttúru og veðurfari hafsins, en vitnað er til þriggja greina sem byggja á verkefninu „Ástand sjávar“ í nýjustu skýrslu loftslagsnefndar Sp.

Í raun skortir gríðarlega á grunnþekkingu á vistkerfinu í hafinu við Ísland sem gerir það að verkum að allar vangaveltur um breytingar á því í framtíðinni, hvort heldur sem er vegna breytinga á ástandi sjávar eða súrnun hans, verða byggðar á veikum grunni. Engar rannsóknir á nýliðun og ungvíði nytjastofna eiga sér nú stað við Ísland svo eitthvað sé nefnt.

Í greinargerð er fullyrt að engar rannsóknir hafi farið fram á þeim tegundum sjávarlífvera er finnast við Ísland m.t.t. súrnunar sjávar. Það er ekki alls kostar rétt þó að slíkar rannsóknir hafi ekki farið fram hér á landi. Má í þessu samhengi vísa til stórra rannsókna sem fram fóru á Svalbarða á vegum evrópska rannsóknaverkefnisins EPOCA. Uppbygging rannsóknastöðu til að skoða áhrif súrnunar sjávar á lykiltegundir í vistkerfi hafsins við Ísland þarf að skoða í samhengi við aðrar rannsóknir sem gerðar eru á lífríki hafsins, en ólíklegt er að vistkerfi hafsins hér bregðist á annan hátt við en rannsóknir annars staðar frá gefa til kynna.

Áhrifum súrnunar sjávar á vistkerfið verður ekki lýst með einföldum tilraunum og kröfur viðurkenndra vísindatimarita til þess efnis sem þau munu birta í framtíðinni munu aukast. Við uppsetningu á tilraunaaðstöðu þarf að taka tillit til þessa og frá upphafi að gera sér grein fyrir að um er að ræða kostnaðarsama langtímafjárfestingu í innviðum að ræða. Þeim breytingum sem kunna að verða á vistkerfi sjávar af völdum súrnunar verður ekki lýst með einfaldri nálgun á viðfangsefnið. Það þarf sambland af vöktun, líkangerð, tilraunum á rannsóknastofu og tilraunum í náttúrunni til að fá nauðsynlegar upplýsingar um viðfangsefnið og til að geta í framtíðinni spáð fyrir um afleiðingarnar.

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins og hefur yfir að búa reynslu og færni til vöktunar og rannsókna á þeim þáttum vistkerfisins sem líklegast er að verði fyrir áhrifum vegna súrnunar sjávar. Á undanförunum árum hefur verið stefnt að einföldun stofnanakerfis ríkisins og um mitt ár tekur til starfa ný stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókna og ráðgjafastofnun hafs og vatna. Hafrannsóknastofnun fagnar tillögum um aukið fjármagn til rannsókna og vöktunar á súrnun sjávar umhverfis Ísland, en undirstrikar mikilvægi þess að rannsóknirnar séu í tengslum við aðrar mikilvægar rannsóknir á umhverfi sjávar. Stofnunin lýsir sig reiðubúna til samstarfs um þetta efni.

F.h. Hafrannsóknastofnunar


Jóhann Sigurjónsson